

FUNDARGERÐ

591. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2019, fimmtudaginn 15 ágúst, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Drífa Bjarnadóttir, Ingi Már Björnsson, Ragnheiður Högnadóttir og Páll Tómasson.

Að auki sátu fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi að hluta.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

I – 3. Fundargerð fundar fjallskilanevndar vestari, haldinn 13. ágúst 2019.

I – 4. Fundargerð 270. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps, haldinn 22. júlí 2019.

Afbrigðin samþykkt

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

2. Fundargerðir skipulagsnefndar Mýrdalshrepps.

George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn undir þessum lið.

Lögð fram fundargerð 270. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps, haldinn 22. júlí 2019. Eftirfarandi liðir fundargerðarinnar eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

2.1. Sólheimahjáleiga – Breyting á deiliskipulagi.

EFE lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi og felur varaoddvita stjórn fundarins.

Nefndin samþykkti tillögu að deiliskipulagi og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa í samræmi við 41. gr. skipulagslaga. Nefndin leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar vegna samræmingar við gildandi aðalskipulag.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

EFE kemur aftur inn á fundinn og tekur við fundarstjórn.

2.2. Mánabraut 28 – Umsókn um byggingarleyfi.

Nefndin felur skipulagsfulltrúa framkvæmd grenndarkynningar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.3. Austurvegur 11 C – Umsókn um byggingarleyfi.

Sótt var um leyfi til að breyta og endurnýja glugga og hurð á Austurvegi 11C. Nefndin samþykkti umsóknina.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Lögð fram fundargerði 271. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps, haldinn 12. ágúst 2019. Eftirfarandi liðir fundargerðarinnar eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

2.4. Reynir – Umsókn um byggingarleyfi.

Nefndin samþykkti umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahús við Reyni.

PT lýsir sig vanhæfan og vísar af fundi.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

PT kemur aftur inná fundinn.

2.5. Austurvegur 18 – Umsókn um stöðuleyfi.

Nefndin samþykkti veitingu stöðuleyfis með fyrirvara um vandaðan frágang og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að fylgja því eftir.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.6. Norður-Foss – Breyting á deiliskipulagi.

Nefndin samþykkti breytinguna en mælist til þess að eigendur stöðvi um leið framkvæmdir og tilkynni til Minjastofnunar ef upp koma mögulegar jarðminjar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

George Frumuselu yfirgaf fundinn.

3. Fundargerð íþrótt- og tómstundanefndar.

Lögð fram til kynningar fundargerð 22. fundar íþrótt- og tómstundanefndar Mýrdalshrepps.

4. Samþykkt fyrir Ungmennaráð Mýrdalshrepps.

Fram var lögð tillaga að samþykkt fyrir Ungmennaráð Mýrdalshrepps.

Lögð er fram breytingartillaga, lagt er til að orðið gerðarbók í 3 mgr. 9. Gr falli út.

Sveitarstjórn samþykkir breytingartillöguna.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og mælist til þess að auglýst verði hið fyrsta eftir umsóknum til setu í ungmennaráði.

5. Erindisbréf Ungmennaráðs Mýrdalshrepps.

Fram var lögð tillaga að erindisbréfi fyrir Ungmennaráð Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisbréfs til næsta fundar.

6. Fundargerð fjallskilanefndar vestari.

Lögð fram fundargerð fundar fjallskilanefndar vestari, haldinn 13. ágúst 2019.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.



7. Umsagnarbeiðnir.

Fram voru lagðar beiðnir frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsókna eftirtalinna aðila:

- 7.4. Frá Einari K. Stefánssyni vegna umsóknar um rekstrarleyfi á Presthúsum 2 fnr. 218-8305 til sölu gistingar í flokki II – minni gistiheimili.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

- 7.5. Frá Ásblik ehf. vegna umsóknar um rekstrarleyfi á Mýrarbraut 13 fnr. 218-8704 til sölu gistingar í flokki II – stærra gistiheimili.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

- 7.6. Frá Hedwig ehf. vegna umsóknar um rekstrarleyfi á Víkurbraut 30a fnr. 218-8829 til sölu gistingar í flokki II – minna gistiheimili.

RH lýsir yfir vanhæfi og víkur af fundi undir þessum lið.

Sveitarstjórn vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr. 585/2007:

„Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað.

Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggð.“

Með nýrri reglugerð um veitinga og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c-lið 4. gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri en 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til gistingar í flokki II til 2022.

Með vísan í framangreint hafnar sveitarstjórn Mýrdalshrepps veitingu rekstrarleyfis vegna Víkurbrautar 30a fnr. 218-8829, enda er ekki um endurnýjun á rekstrarleyfi í flokki II að ræða.

RH kemur aftur inn á fundinn.

- 7.7. Frá Ólafi Þ. Gunnarssyni vegna umsóknar um rekstrarleyfi á Giljum 2 fnr. 218-7949 til sölu gistingar í flokki II – gistiskáli.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

8. Ályktun um heimavist við Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Fram var lögð tillaga að sameiginlegri ályktun þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga í Fjölbrautaskóla Suðurlands þar sem þess er krafist að starfrækt verði heimavist við skólann.

Sveitarstjórn tekur undir ályktunina og felur sveitarstjóra að undirrita hana fyrir hönd sveitarfélagsins.

9. Reglur um húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

Fram var lögð tillaga að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna sem sækja nám fjarri lögheimili.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

10. Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Fram var lögð áskorun frá samráðsvettvangi sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmið SP að sveitarstjórnir um allt land stæðu saman að svohljóðandi yfirlýsingu:

„Sveitarstjórn fagnar því frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið með stofnun samráðsvettvangs, sem ætlaður er sveitarfélögum landsins til samstarfs og samráðs um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn telur brýnt að ríki og sveitarfélög grípi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrirséðar eru vegna loftslagsbreytinga. Einn mikilvægasti liðurinn í því aðkallandi starfi er að íslenskt samfélag verði lagað að kröfum sjálfbærrar þróunar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt gagnlegan grunn að slíku starfi með heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til þátttöku í samráðsvettvanginum með þátttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á sínum vettvangi mun sveitarstjórn beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis. Fulltrúar sveitarfélagsins munu einnig, eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa, taka þátt í miðlun þekkingar, þróun mælinga á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvanginum.“

Sveitarstjórn samþykkir að standa að yfirlýsingunni.

11. Tilboð um gerð vistferlisgreiningar.

Fram var lagt tilboð frá Resource International um að fyrirtækið vinni vistferlisgreiningu á sorplausnum fyrir Vestur-Skaftafellssýslu. Verkaupar væru Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur.

Sveitarstjórn samþykkir tilboðið.

12. Samkomulag um útleigu á landi Ytri-Skóga.

Fram var lagt samkomulag á milli héraðsnefnda Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu þar sem Rangárþingi Eystra hafi fyrirsvar og sjái um ráðstöfun og útleigu á því landi Ytri-Skóga sem þegar hefur verið deiliskipulagt.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti samkomulagið.

13. Fundargerðir til kynningar.



Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 35. fundar Hollvínasjóðs Hjallatúns, haldinn 19. júní 2019.

Fundargerð 547. fundar stjórnar SASS, haldinn 28. júní 2019.

Fundargerð stjórnarfundar Bergrisans, haldinn 26. júní 2019.

Fundargerð 40. fundar stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 25. júní 2019.

Fundargerð 872. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 21. júní 2019.

Fundargerð 113. fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands, haldinn 17. apríl 2019.

Fundargerð 196. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 9. maí 2019.

Fundargerð 197. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 11. júní 2019.

Fundargerð stofnfundar samstarfsvettvangs sveitarfélaga fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál, haldinn 19. júní 2019.

Fundargerð 3. fundar stjórnar Skógasafns, haldinn 4. febrúar 2019.

Fundargerð 67. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 13. júní 2019.

14. Kynningarefni.

Eftirfarandi var lagt fram til kynningar:

Minnisblað af fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, þann 26. júní 2019.

Minnisblað af fundum með fjármálaráðherra, Íbúðarlánasjóði og Podium ráðgjöf, þann 6. ágúst 2019.

Minnisblað af fundi með forstjóra Vegagerðarinnar, þann 9. ágúst 2019.

Oddviti óskar bókað:

„Á fundi með Bergþóru Þorkeldsdóttur forstjóra Vegagerðarinnar tilkynnti hún um að umhverfismat framkvæmda fyrir nýjan veg um Mýrdal færi í útboð nú á haustdögum. Jafnframt var rætt um það hvernig bæta mætti umferðaröryggi á Austurvegi í gegnum Vík. Það er fagnaðarefni að viðræður við Vegagerðina séu nú orðnar til þess fallnar að vinna að raunverulegum samgöngubótum til framtíðar í sveitarfélaginu.“


Umsögn um samráðsskjal S-135/2019- Skilgreining á mörkum miðhálandisþjóðgarðs, skiptingu í verndunarflokka.

Ársreikningur félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu fyrir árið 2018.


Bréf frá Skógræktinni varðandi bindingu kolefnis og skógarauðlindir.

Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í tengslum við álagningu opinberra gjalda.


Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:50




Einar Freyr Elfnarson, oddviti



Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Ragnheiður Högnadóttir



Páll Tómasson